

Nd.

548. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og á l. nr. 43 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir, er tókum sæti í iðnaðarnefnd nú nýverið í stað hæstv. samgöngumálaráðh. og hv. 11. landsk., höfum ekki átt þess kost að ræða þetta mál í nefndinni. Hins vegar erum við ekki samþykkir hv. meiri hl. nefndarinnar og viljum því láta afstöðu okkar koma fram.

Við teljum, að ekki sé rétt — án nánari athugunar á allri iðnaðarnámslög-gjöf-inni — að nema úr lögum bæði það ákvæði, er heimilar sveinum og meisturum að semja sín á milli án ihlutunar iðnfulltrúanna um tölu nemenda í viðkomandi iðngrein, og eins hitt að fella úr gildi þau fyrirmæli að banna meisturum að hafa fleiri en einn nemanda á móti hverjum fullgildum iðnaðarmanni, sem hjá honum vinnur. Hins vegar teljum við, að endurskoðun þurfi að fara fram á allri iðnaðarnámslög-gjöf-inni, þar sem tekin verði til athugunar bæði þessi ákvæði og mörg önnur, er reynslan hefur leitt í ljós, að endurbæta þurfi.

Við leggjum því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 22. nóv. 1944.

Stefán Jóh. Stefánsson, Ásmundur Sigurðsson.
frsm.

Fylgiskjal 1.

ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Háttvirt iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 9. þ. m., sent Alpýðusambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga á þingskjali 363.

Alpýðusambandið leggur eindregið gegn því, að frumvarp þetta nái fram að ganga. Veigamestu ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu eru þessar:

Fyrri breytingin miðar að því að svipta meistara og sveina sjálfsögðum og viðurkenndum ákvörðunarrétti um að vega og meta þarfir hvernar iðnstéttar til endurnýjunar.

Ekkert er eðlilegra en að félög sveina og iðnrekenda komi sér saman um að áætla tölu nema í iðngrein sinni. Þeim er kunnugast um aukningarþörfina og aukningarmöguleikana og því mestar líkur til, að komið verði á heppilegu jafnvægi með því, að jafnan væru svo margir nemar í senn sem samkomulag hefur orðið um.

Vér teljum það heldur á engan hátt samrýmast réttri lausn þessara mála að gefa öðrum aðilum, t. d. iðnfulltrúum, aukið vald til ákvörðunar um nemendafjölda, þar sem mjög er undir hælinn lagt, hvort þeir hafa möguleika til að dæma um þarfir hvernar iðngreinar í þessum efnum, og eins og skipun þeirra er nú háttáð, er engin trygging fyrir því, að sjónarmið beggja aðila, meistara og sveina, komi fram.

Hvað síðari breytinguna snertir, viljum vér taka þetta fram:

Hver maður hlýtur að sjá, að það getur ekki verið neitt vit í því, að gert sé ráð fyrir jafnmörgum nemum og fullgildum iðnaðarmönnum. Slik ofhleðsla hlyti að verða þjóðfélaginu til stórtjóns. Þjóðinni er nauðsynlegt að heina orku hinnar upp-
vaxandi kynslóðar til sem flestra nýtilegra starfa. En í þeim efnum má ekki miða við 2—3 síðustu árin, þar sem styrjaldarástandið hefur, í augnabliki, orsakað eftir-
spurn í einstökum iðngreinum.

Nú virðist það vaka fyrir flutningsmönnum að taka burtu þessa lítilfjörlegu hömlu gegn óhöflegri fjölgun iðnaðarmanna, og sjá þá væntanlega allir, í hvert ófni stefnir.

Um leið og vér lýsum oss andviga ofangreindu frumv. og teljum það ógrundað handahófsverk, svo sem greinargerðin ber ljósastan vott, viljum vér lýsa því álitu voru, að æskilegt væri, að lög um iðnaðarnám yrðu tekin til rækilegrar endurskoðunar.

Virðingarfyllst.

F. h. Alþýðusambands Íslands.

Guðgeir Jónsson. Björn Bjarnason.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal 2.

IÐNNEMASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttengið bréf yðar, dags. 9. þ. m., þar sem þér æskið umsagnar vorrar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og lögum nr. 43 1940, um breyting á þeim lögum.

Fyrri breytingin miðar að því að fella úr gildi þau ákvæði nógildandi laga, er heimila sveinafélögum og meisturum að semja sín í milli um tölu nemenda í viðkomandi iðngreinu. Þessa breytingu teljum vér mjög óheppilega. Vér álitum þvert á móti, að eðlilegast og tvímælalaust heillavænlegast sé, að alls staðar verði samkomulag milli fyrrgreindra aðila um tölu nemenda í hverri iðngrein, því að einmitt þessum aðilum er kunnugast um þörf iðnarinnar og atvinnumöguleika.

Síðari breytingin miðar að því að fella úr gildi þau ákvæði nógildandi laga, er banna meisturum að hafa fleiri nemendur en fullgilda iðnaðarmenn. Um þessa breytingu er það að segja, að ekki getur komið til mála nema í einstaka undantekningartilfellum, að nemendur séu jafnmargir eða fleiri en fullgildir iðnaðarmenn. Þetta gæti aðeins átt sér stað í nýjum og vaxandi iðngreinum og þá aðeins um stuttan tíma. Vér teljum það því algerlega óréttlæt看legt að nema úr gildi þær lítilfjörlegu hömlur, sem nú eru á óhæfilegri nemendatölu. Í þessu sambandi þykir oss rétt að geta þess, að eins og nú hagar til, fer hin verklega kennsla nemanna fram á þann hátt, að þeir eru sendir til vinnu með sveinunum, og í flestum iðngreinum er ekki unnt að framkvæma kennsluna á annan hátt, eins og nú hagar til. Það sjá því allir, sem iðnnámi eru kunnugir, að um kennslu yrði ekki að ræða, er nemendur væru orðnir fleiri en fullgildir iðnaðarmenn.

Í greinargerð þeirri, er frumvarpinu fylgir, kennir margra grasa, og virðist hún samín án nauðsynlegasta kunnugleika á þessum málum. Einkennist hún af staðhæfingum, ágizkunum og aðdróttunum í garð iðnsveina. Þar sem þeir munu vonandi fá tækifæri til að svara þessu sjálfir, munum vér láta það liggja á milli hluta að öðru leyti en því, að í sambandi við þá staðhæfingu flm., að auðsætt sé, að

meistarar hafi mestan hagnað af því að hafa sem flesta fullgilda iðnaðarmenn, viljum vér gera þá athugasemd, að á undanförnum árum hefur það verið algengt, að meistarar hafi tekið fullan taxta fyrir nema, sem búinn var að vera í iðninni yfir tvö ár, en greitt nemanum hins vegar þau smánarkjör, sem um er samið í náms-samningum. Fellur því þessi staðhæfing flm. um sjálfa sig. — Báðar þær breytingar, sem í frv. þessu er farið fram á, miða að því að nema úr gildi allar hömlur fyrir ótakmarkaðri nemendatöku og skapa með því nægilegt varalið, sem hægt væri að gripa til, þegar mikið er að gera. Við þetta er það að athuga, að þótt þetta fyrirkomulag geti verið þægilegt fyrir einstaka atvinnurekendur, þá getur það verið hættulegt fyrir þjóðfélagið í heild að skapa á þennan hátt iðnlærðan atvinnuleysingjaher, því að ekki lifa menn á því einu að hafa lært einhverja iðngrein, ef engin fylgir atvinnan. Þessi her mundi því gera sínar kröfur til þjóðfélagsins eins og aðrir þegnar þess.

Á undanförnum árum, áður en hér á landi fór verulega að gæta þess augnabliksástands, sem skapast hefur af núverandi heimsstyrjöld, var hér enginn hörgull á iðnsveinunum. Þvert á móti var langvarandi atvinnuleysi í mörgum iðngreinum. Það sjá því allir, sem ekki loka augum til fulls, að ekki getur verið heilbriggt að miða fjölgun iðnnema við það bráðabirgðaástand, sem ríkt hefur allra síðustu ár. Það getur ekki verið hollt fyrir þjóðfélagið að framleiða iðnaðarmenn á sama hátt og peningaseðla, sem settir eru í umferð.

Þá er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að á árunum fyrir stríð var það algengt, að um leið og iðnnemar luku námi, sögðu meistararnir þeim upp atvinnu og tóku nýja nemendur í staðinn. Nýsveinarnir stóðu þá uppi allslausir, og eftir að hafa lagt hart að sér að læra einhverja iðn í fjögur ár, urðu þeir í flestum tilfellum að leita sér annarrar atvinnu, þar sem lagaákvæði hömluðu því, að þeir gætu hafið sjálfstæðan atvinnurekstur í þeirri iðngrein, er þeir höfðu lært. — Það virðist því full þörf á því, að sett séu lagaákvæði um, að þeim, sem útskrifast sem iðnsveinar, væri tryggð atvinna við iðn sína næstu þrjú ár, því að þá fyrst geta þeir öðlazzt meistararéttindi samkv. nügildandi lögum.

Vér getum ekki fallizt á þá skoðun flm., að bezta framtíðartryggingin fyrir öruggu atvinnulífi þjóðarinnar sé að yfirfylla iðngreinarnar án nokkurrar atvinnu-tryggingar að námi loknu. Hins vegar erum vér samunála flm. um, að nauðsyn heri til að koma hér á hollara fyrirkomulagi í þessum málum. Leggjum vér því til, að báðar þessar umræddu breytingar verði felldar, en iðnnámslöggjöfin í heild verði tekin til endurskoðunar með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum, en ekki nokkurra atvinnurekenda, eins og flm. þessa frv. hefur orðið á. Heilbrigð löggjöf um þessi mál er það eina, sem getur skapað atvinnulífi þjóðarinnar öryggi, sem ekki má án vera.

Virðingarfullst,

f. h. Iðnnemasambands Íslands.

Óskar Hallgrímsson, Egill Hjörvar,
form. ritari.

Fylgiskjal 3.

MEISTARAFÉLAG JÁRNÍÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 11. okt. 1944.

Vér höfum mótttekið heiðrað bréf yðar, dags. 9. þ. m., ásamt frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 100 1938 og lögum nr. 43 1940.

Þar sem vér höfum fylgzt með frumvarpi þessu frá byrjun og teljum það nauðsynlegt og sjálfsagt, þar eð sýnilegt er, að löggjöfin, eins og hún er nú, getur dregið óeðlilega mikið úr ýmsum iðngreinum, og þó sérstaklega járnsmíðafaginu.

Í þessu sambandi leyfum vér oss að senda yður útdrátt úr fundarþók félagsins, þar sem þessi mál voru tekin fyrir. Enn fremur sendum vér yður afrit af kærui-

brefi, sem nær til velflestra fyrirtækja í félagi voru. Kæra þessi byggist á lögnum, eins og þau eru nú, og er þrátt fyrir hið óvenjulega ástand (verkfall í iðninni) greinilega aðvörun um það, sem gæti orðið að veruleika.

Ef umræddar breytingar yrðu að lögum, væri það að vorum dómi góð byrjun á lagfæringum, sem vér teljum, að iðnlöggjöfin þyrfti að fá.

Virðingarfyllt.

Í stjórn Meistarafélags járníðnaðarmanna.

G. Þorbjörnsson. Sveinn Guðmundsson. Einar Ásmundsson.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjöl: Afrit og útdráttur.

Fundur haldinn í Meistarafélagi járníðnaðarmanna 23. sept. 1944 ályktar, að:

1. Tala nemenda í járníðnaði fullnægi hvergi nærri þörfum iðnaðarins né atvinnuveganna.
2. Brýna þörf beri til þess að breyta iðnlöggjöfinni nú þegar, þannig að felldar verði burtu núverandi hömlur á nemendatölu hvers verkstæðis með hliðsjón af kennsluskilyrðum og þörfum iðnaðarins.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Réttan útdrátt staðfestir:

Sveinn Guðmundsson,
ritari.

Afrit.

FÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA

Til sakadómarans, Reykjavík.

Reykjavík, 18. sept. 1944.

Í 4. gr. laga nr. 43 frá 12. febr. 1940 er svo ákveðið, að meistari megi aldrei hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn. En ákvæði þetta er viðbót við 10. gr. laga nr. 100 frá 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Eftir því sem vér bezt vitum, vinna nú:

1. Hjá Einari Ásmundssyni járnsmið, Hverfisgötu 42, 3 járnsmiðanemendur, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
2. Hjá vélsmiðjunni Steðja h/f, við Skúlagötu, 3 járnsmiðanemendur, en aðeins 2 fullgildir járnsmiðir.
3. Hjá Sigurði Sveinbjörnssyni vélsmið, Skúlag. 6, 4 járnsmiðanemendur, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
4. Hjá vélsmiðjunni Bjargi h/f, Höfðatúni 8, 5--6 járnsmiðanemar, en aðeins 3 fullgildir járnsmiðir.
5. Hjá vélsmiðjunni Jötni h/f 9 járnsmiðanemar, en aðeins 1--2 fullgildir járnsmiðir.
6. Hjá Járnsteypunni h/f 7 járnsmiðanemar, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
7. Hjá Keili h/f 10 járnsmiðanemar, en aðeins 1 fullgildur járnsmiður.
8. Hjá Stálsmiðjunni 12 járnsmiðanemar, en aðeins 2 fullgildir járnsmiðir.
9. Hjá Hamri h/f 14 járnsmiðanemar, en aðeins 5 fullgildir járnsmiðir.
10. Hjá Landssmiðjunni 22 járnsmiðanemar, en aðeins 4 eða 5 fullgildir járnsmiðir.
11. Hjá Héðni h/f 30 járnsmiðanemar, en aðeins 4 fullgildir járnsmiðir.

Þar eð öll ofangreind fyrirtæki virðast þannig hafa gerzt brotleg við áðurgreind, tilvitnuð lagafyrirmæli, leyfum vér oss að krefjast, að rannsókn verði taf-

arlaust látin fara fram og þeir, sem brotlegir reynast, verði dæmdir til þingstu refsingar, svo og, að þegar í stað verði girt fyrir, að þeir haldi áfram að brjóta iðnlögin á framangreindan hátt.

Virðingarfyllt.

F. h. Félags járníðnaðarmanna, Reykjavík.

Snorri Jónsson, Ásgeir Jónsson.
form.

Fylgiskjal 4.

IÐNAÐARFULLTRÚARNIR

Reykjavík, 14. okt. 1944.

Með bréfi, dags. 9. þ. m., hefur háttvirt iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis leitað álits vors um frumvarp til breytinga á iðnnámslögnum, sem nú liggur fyrir Alþingi á þskj. 363. Bréf nefndarinnar barst oss eigi í hendur fyrr en í dag kl. 8 síðd., en þó að svo hafi til tekizt, að frestur sá, sem oss er settur í bréfi nefndarinnar, sé liðinn, viljum vér taka þetta fram:

Iðnaðarfulltrúar hafa tvisvar áður látið í ljós skoðanir sínar um þessi efni.

Árið 1940, þegar verið var að taka í lög ákvæði það, sem 2. gr. frumvarpsins á þskj. 363 gerir ráð fyrir, að nú falli burtu, mótmæltu iðnaðarfulltrúar einróma tilkomu þessa ákvæðis og töldu það hvort tveggja í senn, óframkvæmanlegt og skaðlegt undir vissum kringumstæðum, eins og þar var nánar rökstutt. Er sú skoðun að sjálfsögðu óbreytt, nema hvað reynslan þykir hafa staðfest allt, sem þá var sagt fyrir.

Á s. l. ári áttu 2 iðnaðarfulltrúanna fund með nokkrum alþingismönnum, sem sæti áttu þá í iðnaðarnefndum Alþingis, og létu þeim í té í frumvarpsformi ásamt greinargerð nokkrar breytingartillögur við iðnnámslögin, og var ein þeirra samhljóða 1. gr. frumvarpsins á þskj. 363.

Afstaða núverandi iðnaðarfulltrúa til frumvarpsins á þskj. 363 er þessi:

Guðmundur Halldórsson telur réttara, að í stað þess að fella burtu ákvæði það, er 1. gr. gerir ráð fyrir, yrðu sett önnur ákvæði, sem auki að visu nokkuð vald iðnaðarfulltrúa, en útiloki þó ekki þann möguleika, að sveinar og meistarar geti samið um þessi mál. Um 2. gr. frumvarpsins tekur hann það fram, að hann sé mótfallinn að fella burt það ákvæði, sem greinin gerir ráð fyrir, en geti þó hugsað sér, að gerðar verði undantekningar frá núgildandi ákvæðum, þegar um er að ræða nýjar eða ört vaxandi iðngreindir.

Einar Gíslason og Kristjón Kristjónsson vísa til fyrri afstöðu sinnar, og með því að frumvarpið er í samræmi við það, sem þeir hafa áður lagt til, mæla þeir eindregið með, að það verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt.

Iðnaðarfulltrúarnir.

Kristjón Kristjónsson, Einar Gíslason, Guðm. Halldórsson.
form.

Til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.